

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um aðgerðir til viðspyrnu vegna heimsfaraldurs COVID-19

Kórónuveirufaraldurinn hefur valdið miklu tekjufalli hjá rekstraraðilum í borginni. Reykjavíkurborg getur lagt sitt af mörkum með viðspyrnuaðgerðum sem halda súrefni í rekstri fyrirtækjanna í borginni í vetur. Markmið aðgerðanna er m.a. að verja störf og útsvarsstofn borgarinnar og aðstoða borgarbúa sem eiga í vanda. Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að borgarstjórn samþykki að farið verði í aðgerðir í fimm liðum: Frestun greiðslna fasteignagjalda í ferðabjónustu með útgáfu skuldabréfa, borgargjöf sem ætlað er að vera viðnámsstyrkur til rekstraraðila í Reykjavík í gegnum erfiðan vetur, aðgerðir fyrir byggingariðnað til stuðnings húsnæðisuppyggingu og byggingariðnaði í Reykjavík, að koma á ráðgjafartorgi fyrir fólk í vanda og jafnframt að tryggja að grunnskólabörn njóti matarþjónustu í skólum borgarinnar þrátt fyrir skert skólahald.

a) Frestun fasteignaskatta á fyrirtæki

Samþykkt verði að taka hugmyndir og erindi SAF sem snúa að því að fresta greiðslu fasteignagjalda með útgáfu skuldabréfa til útfærslu og úrvinnslu. Jafnframt beiti borgin sér fyrir því að lögum um lögveð verði breytt þannig að farið verði í lengingu í lögveði fasteignaskatta með hliðstæðri lagasetningu og gripið var til eftir efnahagshrunið. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að vinna að frekari útfærslu og skili borgarráði þeirri vinnu fyrir 1. desember.

Greinargerð:

Tekjufall rekstraraðila í ferðabjónustu er gríðarlegt. Borgin samþykkti að fresta gjalddögum í byrjun faraldursins en nú er ljóst að meira þarf til eigi fyrirtækin að lifa af veturinn. Mikilvægt er að borgin sýni lit gagnvart ferðabjónustunni og vinni að lausn þessara fyrirtækja sem erindi SAF fjallar um. Tillaga SAF miðar að því að verja störf og útsvarsstofn borgarinnar.

b) Borgargjöf

Samþykkt verði að Reykjavíkurborg gefi öllum landsmönnum, 18 ára og eldri, ferðagjöf að upphæð 3.000 kr. sem hægt verður að nota í Reykjavík hjá öllum þeim aðilum sem aðild eiga að ferðagjöfinni, sbr. vefsvæðið ferdalag.is. Lagt er til að tillagan verði fjármögnuð með gerð viðauka við fjárhagsáætlun 2020 þar sem 100 milljónir fari af liðnum ófyrirséð til fjármögnunar tillögunni. Þá er lagt til að 260 milljónir fari inn í fjárhagsáætlun næsta árs. Ferðagjöf borgarinnar taki gildi 15. desember nk. og gildi til 31. maí 2021.

Greinargerð:

Nú þegar hafa 172.490 sótt sér appið ferðagjöf en á fjórða þúsund rekstraraðila á landsvísu eru þátttakendur í verkefninu. Mjög stór hluti rekstraraðila í þjónustu og ferðabjónustu eru í Reykjavík. Það er því eðlilegt að borgaryfirvöld stígi inn í verkefnið með ríkinu með viðnámsstyrk til rekstraraðila í Reykjavík til að styðja þau í gegnum erfiðan vetur. Rétt er að benda á að ferðagjöf ríkisins rennur út um áramótin. Þannig er mikilvægt og eðlilegt framhald að Reykjavíkurborg, stærsta sveitarfélagið á landinu, komi til móts við rekstraraðila í borginni með þessum hætti. Verslun og þjónusta berst í bökkum í Reykjavík

og jólahátíðin gefur okkur tækifæri til að gefa rekstraraðilum byr í seglin. Mikilvægt er að ná þessum stuðningi fyrir miðjan desember.

Miðað við reynslutölur á notkun ferðagjafar ríkisins má áætla að rekstrarstuðningur við reykvísk fyrirtæki verði sem nemur 360 milljónum króna eða 0,2% af rekstrarútgjöldum borgarinnar árið 2020. Áætla má að þessi aðgerð muni hjálpa til við að verja störf og útsvarstofn borgarinnar. Engu að síður er um að ræða útgjöld á þessu og næsta ári. Þess vegna er lagt til að borgarstjórn samþykki að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun 2020, þar sem 100 milljónir fari af liðnum ófyrirséð til fjármögnunar tillögunni. Þá er lagt til að 260 milljónum verði varið í verkefnið á næsta ári og gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.

c) **Tillögur fyrir byggingariðnað**

Ráðist verði í markvissar aðgerðir til stuðnings húsnæðisuppbyggingu og byggingaiðnaði í Reykjavík:

Fjármálaskrifstofu verði falið að móta almennar reglur um tímabundna greiðsludreifingu og/eða greiðslufresti byggingaréttargjalda. Gatnagerðargjöld verði lækkuð með eftirfarandi hætti, til samræmis við lægstu gjöld í nágrannasveitarfélögum.

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	34.785 kr/fm (óbreytt)
Raðhús, parhús, tvíbýlishús og keðjuhús	23.886 kr/fm (lækkun)
Fjölbýlishús	11.363 kr/fm (lækkun)
Annað húsnæði	19.712 kr/fm (lækkun)

Veittir verði eftirfarandi afslættir af gatnagerðargjöldum og byggingaréttargjöldum vegna Svansvottaðra eða BREEAM vottaðra bygginga:

Svansvottun	20% afsláttur
BREEAM einkunn 55% (Very good)	20% afsláttur
BREEAM einkunn 70% (Excellent)	30% afsláttur

Greinargerð:

Byggingarstarfsemi er mikilvæg atvinnugrein í íslensku efnahagslífi. Hluttur byggingariðnaðar í vergri landsframleiðslu er um 9% en árið 2017 starfaði um 8% af innlendu vinnuafli í byggingariðnaði. Vegna mikilvægis atvinnugreinarinnar er gríðarlega mikilvægt að ráðast í markvissar aðgerðir til stuðnings byggingaiðnaði svo núverandi efnahagsaðstæður leiði ekki til aukins atvinnuleysis og hægagangs í húsnæðisuppbyggingu í Reykjavík.

Íslensk stjórnvöld gerðu á árinu 2019 samning við OECD um framkvæmd á sjálfstæðu samkeppnismati á því regluverki sem gildir á sviði byggingarstarfsemi á Íslandi. Samkeppnismatið var unnið í náinni samvinnu við innlenda aðila og fól í sér ítarlega greiningu á öllu gildandi regluverki. Skýrslunni var skilað á dögnum og leiða niðurstöður í ljós fjölmarga möguleika til þess að einfalda regluverk og minnka reglubyrði í byggingaiðnaði.

Helstu úrbótatillögur OECD snúa að lækkun opinberra gjalda á borð við gatnagerðargjöld og endurskoðun ferla vegna lóðaúthlutana. Tillögur Sjálfstæðisflokks taka mið af úrbótatillögum OECD og er ætlað að vera fyrsta viðbragð við skýrslunni.

Reykjavíkurborg þarf að vera samkeppnishæfur uppbyggingastaður. Með hliðsjón af þessu markmiði er í tillögum Sjálfstæðisflokks lagt til að gatnagerðargjöld verði lækkuð til samræmis við gatnagerðargjöld í Kópavogi, en þar eru gjöldin lægst á höfuðborgarsvæðinu. Eins gera tillögurnar ráð fyrir afsláttum af gatnagerðargjöldum og byggingaréttargjöldum vegna umhverfisvottaðra bygginga, líkt og tíðkast hjá Hafnarfjarðarbæ. Hér verði skapaðir jákvæðir hvatar til þeirra sem hyggjast byggja eftir viðurkenndum umhverfisstöðlum.

Að lokum er lagt til að tryggðir verði sveigjanlegir greiðslufrestir, og/eða greiðsludreifing byggingaréttargjalda í Reykjavík. Mikilvægt er að þung greiðslubyrði hamli ekki húsnæðisuppbyggingu við núverandi efnahagsaðstæður. Verði fjármálastofu falin nánari útfærsla greiðsluskilmálanna, sem verði tímabundið úrræði vegna efnahagsáhrifa COVID-19. Greiðsluskilmálar verði almennir, og tryggi jafnræði milli aðila í byggingariðnaði.

d) **Ráðgjafatorg fyrir fólk í vanda**

Komið verði upp tímabundnu ráðgjafatorgi á vegum velferðarsviðs til að þjónusta borgarbúa, þar sem þörf fyrir ráðgjöf hefur aukist umtalsvert á tímum kórónuveirufaraldursins. Aukin þörf fyrir ráðgjöf er m.a. tilkomin vegna vaxandi atvinnuleysis, farsóttarþreytu, félagslegrar einangrunar og kvíða vegna faraldursins. Í boði verði fjölbreytt ráðgjöf á einum stað sem verði veitt með fjarviðtölum, netspjalli, síma og ef ástæða þykir til með viðtali á þjónustumiðstöð. Um verði að ræða m.a. almenna félagsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf og fjármálaráðgjöf.

Greinargerð:

Ljóst er að þörf fyrir ráðgjöf hefur aukist umtalsvert á tímum kórónuveirunnar vegna aukins atvinnuleysis, farsóttarþreytu, félagslegrar einangrunar og kvíða vegna faraldursins. Nauðsynlegt er að Reykjavíkurborg styðji og hvetji borgarbúa, sem margir hverjir eiga í miklum vanda og þurfa á skjótri úrlausn að halda, vegna ástandsins í samfélaginu, til að leita ráðgjafar og nýta sér þetta viðbótarúrræði sem yrði víðtækt, fjölbreytt og sveigjanlegt. Það á ekki að vera tabú að leita sér aðstoðar. Reykjavíkurborg þarf að koma þeim skilaboðum skýrt til skila.

Til að koma í veg fyrir aukinn vanda er mikilvægt að grípa sem fyrst inn í, þótt ekki væri nema að benda íbúum á leiðir til lausna. Markmið tillögunnar er að auðvelda borgarbúum að leita sér aðstoðar og efla ráðgjöf þjónustumiðstöðvanna tímabundið vegna breyttra þarfa á tímum kórónuveirufaraldursins.

Eins mætti koma upp sérstöku svæði á heimasíðu Reykjavíkurborgar þar sem hægt verði að panta viðtöl í gegnum m.a. netspjall. Á sama svæði væri hægt að koma upp ráðgjafabanka með ráðleggingum og upplýsingum um hvernig bregðast eigi við helstu vandamálum sem kunna að koma upp og tengjast ástandinu.

Velferðarsviði verði falin nánari útfærsla á þessu viðbótarúrræði í samstarfi við velferðarráð. Áhættu- og fjármálastýringarsviði verði gert að kostnaðarmeta endanlega útfærslu sem gerir ráð fyrir miðlægu ráðgjafatorgi í samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar á meðan ástandið varir.

Lagt er til að velferðarsvið hafi frumkvæði að því að koma á samstarfi við háskólana í þeirri viðleitni að manna ráðgjöfina. Meðal annars mætti fá háskólanema til að sinna hinni ýmsu ráðgjöf tímabundið undir handleiðslu sérfræðinga, s.s. á sviði fjármála, lögfræði, félags- og sálfræði. Háskólanemar gætu unnið í gegnum tölvu, bæði í gegnum fjarfundabúnað og/eða netspjall. Hliðstæðu úrræði var komið á í efnahagshruninu þar sem laganemar við Háskóla Íslands voru fengnir til að sinna lögfræðiráðgjöf við borgarbúa í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Brýnt er að þessu tímabundna úrræði verði komið á hið fyrsta – oft var þörf en nú er nauðsyn.

e) **Börn njóti matarþjónustu í grunnskólum þrátt fyrir skert skólahald**

Samþykkt verði að tryggja öllum börnum sem stunda nám í grunnskólum Reykjavíkurborgar matarþjónustu í skólanum á meðan skólastarf er skert vegna kórónuveirufaraldursins. Vegna sóttvarnaraðgerða hefur sums staðar ekki verið unnt að starfrækja mötuneyti. Mikilvægt er að tryggja að öll börn fái máltíð engu að síður svo jafnræðis sé gætt. Skóla- og frístundasviði verði falið að vinna að lausn sem lögð verði fyrir skóla- og frístundaráð hið fyrsta.

Greinargerð:

Mikilvægt er að öllum börnum sé tryggður aðgangur að matarþjónustu í grunnskólum Reykjavíkur á meðan takmarkanir eru á skólastarfi vegna Kórónuveirufaraldursins. Sá matur sem er í boði í grunnskólum Reykjavíkur er því miður hjá mörgum börnum stór partur af þeirri næringu sem þau fá yfir daginn. Því er mikilvægt óskert matarþjónusta sé í öllum grunnskólum borgarinnar og það sé tryggt að öll börn hafi aðgang að hádegismat þó svo skóladagur þeirra klárast rétt fyrir hádegi. Ekki er gert ráð fyrir að tillagan hafi í för með sér umframkostnað, þar sem nú þegar er gert ráð fyrir að börn borði í grunnskólum Reykjavíkurborgar.